

Gjaldskrá Aðalmarkaðar

Hlutabréfaútgjafir á Nasdaq Iceland

Fjárhæðir í ISK án VSK

GJÖLD VEGNA TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Fast gjald er innheimt við móttöku beiðni um að hefja ferli vegna töku hlutabréfa til viðskipta. Gjaldið er óafturkræft og fyrnist eftir sex mánuði.

Markaðstengt gjald er innheimt eftir töku til viðskipta og miðast við meðalmarkaðsvirði fyrsta mánaðar í viðskiptum.

Ef veruleg breyting verður á félaginu á stuttum tíma eða í starfsemi þess, að því marki að félagið geti talist nýtt félag, getur Kauphöllin hafið skoðun með sama hætti og ef nýtt félag myndi sækja um skráningu, í samræmi við ákvæði Nasdaq Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares. Ef það er raunin getur Kauphöllin innheimt gjöld vegna töku til viðskipta í samræmi við gjaldskrá þessa.

Kauphöllin veitir 50% afslátt af skráningargjöldum ef félag er þegar skráð á aðalmarkað annarra Nasdaq Nordic kauphalla.

Fast gjald	8.170.000
Markaðstengt gjald	0,03%
Hámark markaðstengds gjalds	16.430.000

ÁRGJÖLD

Árgjöld skiptast í fast gjald og markaðstengt gjald. Markaðstengt árgjald miðast við meðalmarkaðsvirði fyrra árs (desember til nóvember). Meðalmarkaðsvirði er reiknað miðað við dagslokaverð hvers viðskiptadags. Í tilfelli hlutabréfa sem eru tekin til viðskipta eftir 1. nóvember fyrra árs, er miðað við markaðsvirði fyrsta mánaðar eftir töku til viðskipta.

Árgjald er innheimt í janúar fyrir yfirstandandi almanaksár, eða innan tveggja mánaða vegna nýrra útgefenda.

Nýir útgefendur greiða fasta gjaldið að fullu og að auki breytilegt gjald fyrir það sem eftir lifir árs frá töku til viðskipta miðað við markaðsvirði fyrsta mánaðar í viðskiptum.

Árgjald er ekki endurgreitt ef hlutabréf útgefanda eru tekin úr viðskiptum á almanaksárinu.

Ef umsókn um töku úr viðskiptum er móttækin af Nasdaq Iceland fyrir upphaf nýs almanaksárs og útgefandi er enn skráður á markað á nýju ári, greiðir útgefandi árgjald fram að töku hlutabréfa félagsins úr viðskiptum í Kauphöllinni. Útgefandi greiðir einnig gjald vegna töku úr viðskiptum í samræmi við gjaldskrá.

Fast gjald	2.210.000
Markaðstengt gjald	0,0055%
Hámark markaðstengds gjalds	13.620.000

FYRIRTÆKJAAÐGERÐIR

Vinsamlega athugið að fleiri en einn liður í gjaldskrá getur átt við eina fyrirtækjaáðgerð.

BREYTING Á NAFNVERÐI

Markaðstengt gjald vegna hækkunar á nafnverði *1	0,10%
Fast gjald fyrir hverja breytingu á nafnverði	
Almennt	652.000
Útgáfa hlutabréfa til starfsmanna, hvert skipti upp að fjórum á almanaksári	231.000
Útgáfa hlutabréfa til starfsmanna, hvert skipti umfram fjögur á almanaksári	72.000
Hámark markaðstengds gjalds fyrir hverja breytingu	8.950.000

Skráning réttinda

Fast gjald fyrir töku til viðskipta *2	653.000
----------------------------------------	---------

Önnur gjöld

Fyrirtækjaaðgerð eins og breyting á nafni og/eða auðkenni	380.000
Taka hlutabréfa úr viðskiptum að beiðni útgefanda	884.000
Sérþjónusta, gjald á klst.	30.800
Merking grænna hlutabréf, árgjald ^{*3}	920.000
Flýtimeðferð ^{*4}	1.500.000

*¹ Markaðstengt gjald miðað við markaðsvirði nýrra hluta þann dag sem bréfin eru tekin til viðskipta.

*² Gjaldið gengur upp í gjöld vegna breytinga á nafnverði við töku undirliggjandi bréfa til viðskipta.

*³ Ekki er innheimt gjald fyrir fyrsta árið. Þjónustan er virðisaukaskattskyld

*⁴ Fundir með skráningarnefnd eru að jafnaði bókaðir í fyrsta lagi 15 virkum dögum eftir að beiðni um að hefja ferli berst. Ef óskað er eftir að mál verði tekið til afgreiðslu fyrr en það, er hægt að sækja um flýtimeðferð gegn greiðslu sérstaks gjalds.